

Verslunarráð spáir 59% verðbólgu 1983

Samkvæmt spá Verslunarráðs Íslands um þróun verðlags, launa og gengis verður verðbólgan á næsta ári 59% miðað við hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi til loka ársins. Meðaltalshækkun verðlags milli ára verður á hinn bóginn um 62%.

Í spánni er gert ráð fyrir, að laun hækki um 58% á árinu 1983, en gengi Bandaríkjadollars um 65%.

Helstu forsendur spárinnar eru þær, að engar grunnkaupshækkanir verði á árinu umfram gildandi samninga, viðskiptakjör rýrni óverulega, dollarinn haldi styrkleika sínum á alþjóða peningamarkaði og samdráttur verði í eftirspurn vegna vaxtabreytinga og breytinga á kaupgjaldsvísitölu.

Gott gengi í Daumsdal


Fjórir íslenskir skákmenn tefla þessa dagana á opnu, alþjóðlegu skákmóti í Daumsdal í Noregi. Þeir eru Guðmundur Sigurjónsson, Margeir Pétursson, Karl Þorsteins og Sævar Bjarnason. Eftir 3 umferðir hafði Karl hlotið 2 vinninga úr 3 skákum og Sævar 1 1/2. Margeir hafði 1 vinning og tvær unnar biðskákir, en Guðmundur 1 vinning og betri stöðu í biðskák. Þær voru tefldar í gærkvöldi og voru líkur á því að Margeir væri í efsta sæti að þeim loknum. — hóf

Sjúkraflutningum fjölgar

Í skýrslu frá Slökkvistöðinni í Reykjavík segir að sjúkraflutningum, sem slökkvilið Reykjavíkur annaðist á síðasta ári, hafi fjölgað nokkuð frá árinu áður. Í fyrra var um 11.184 sjúkraflutninga að ræða, en 1981 voru þeir 10.371. Aftur á móti fækkaði útköllum vegna eldsvoða úr 418 árið 1981 í 360 árið 1982 og útköll þar sem slökkva þurfti eld fækkaði úr 317 í 276.

Leiðrétting

Í skráargati í Sunnudagsblaði Þjóðviljans var þess getið að Vésteinn Lúdvíksson væri ásamt Silju Aðalsteinsdóttur, nýskipaður ritstjóri Tímarits Máls og menningar. Þetta er ekki rétt. Það er Vésteinn Ólason lektor. Er beðist velvirðingar á þessum mistökum.



Hildur Hákonardóttir, Ásrún Kristjánsdóttir, Sigurlaug Jóhannesdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir hjá smámyndasýningunni íslensku, sem fylgir sýningunni *Norræn vefjarlist III*. (Ljós. Atli).

Norræn vefjarlist að Kjarvalsstöðum

Nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum í Reykjavík sýningin *Norræna vefjarlist III*.

Hingað kemur þessi sýning frá Södertälje í Svíþjóð, en hún var fyrst sett upp í Helsingfors í Finnlandi í ágúst síðastliðnum. Héðan fer sýningin til Færeyja, þá til Noregs og reisan endar síðan í Danmörku í vor.

Þetta er í þriðja sinn sem norræn farandsýning af þessu tagi er sett upp hér á landi. Hin fyrsta var árið 1977 og önnur árið 1980. Sýningarnar eru ávöxtur samstarfs vefara og textilhönnuða á Norðurlöndum, en óhætt er að segja, að Nanna Hertoft í Danmörku hafi drifið málið áfram. Dómnefnd frá öllum Norðurlöndum hefur valið verk á sýningarnar; fyrst sat í dómnefndinni af Íslands hálfu Ásgerður Búadóttir og síðan tók Ásrún Kristjánsdóttir við, en hún lét af því starfi á síðasta ári og hljóp þá Sigurlaug Jóhannesdóttir í skarðið.

Öllum textil-listamönnum á Norðurlöndum var boðin þátt-

taka í sýningunni og bárust dómnefndinni alls um 600 verk, en valin voru 86 verk til sýninga. Í þetta sinn var hafður sá háttur að enginn kvóti var settur um fjölda verka frá hverju landi um sig, eins og var áður.

Fimm Íslendingar

Á sýningunni eru verk eftir fimm íslenska textil-listamenn: Hildi Hákonardóttur, Inu Salóme, Ingibjörgu Haraldsdóttur, Ingibjörgu Sigurðardóttur og Sigurlaugu Jóhannesdóttur.


„Mér finnst vera miklu meiri tæknileg breidd í þessari sýningu heldur en var í hinum“, sagði Ásrún Kristjánsdóttir í samtali við blaðið, en hana hittum við að máli á Kjarvalsstöðum í gær þar sem hún vann við að setja upp sýninguna ásamt Hildi Hákonardóttur, Guðrúnu Gunnarsdóttur, Inu Salóme, Sigurlaugu Jóhannesdóttur og starfsfólki Kjarvalsstaða. „Fjölbreytileikinn í aðferðunum er mikill. Hér er t.d. mikið af þrykki, sem við höfum aldrei séð á sýningum hér — það er mikið tekið á þessu eins og málverki.“

Þær Ásrún og Sigurlaug, sem við ræddum einnig stuttlega við, voru sammála um, að fólk væri nú mikið að þreifa fyrir sér með mismunandi efni. Góðileringin væri ekki lengur allsráðandi; í verkunum væri sterk þrívíddar-tilfinning og þarna væri farið að nálgast skúlptúr mikið.

Smámyndir

Þessari sýningu fylgir einnig sérstök íslensk smámyndasýning, en dómnefndin var sammála um, að bjóða ákveðnu íslensku listafólki að sýna smámyndir sínar. Þarna eru verk eftir 12 íslenska listamenn: Önnu Þóru Karlsdóttur, Ásrúnu Kristjánsdóttur, Evu Vilhelmsdóttur, Guðrúnu Audunsdóttur, Guðrúnu Gunnarsdóttur, Guðrúnu Marinósdóttur, Hildi Hákonardóttur, Kristínu Jónsdóttur, Rögnu Róbertsdóttur, Sigrúnu Guðmundsdóttur, Sigurlaugu Jóhannesdóttur og Þorbjörgu Þórðardóttur.

Sýninguna hér á landi styrkja iðnaðarmálaráðuneytið, Iðnlánasjóður, Iðnrekstrarsjóður og menntamálaráðuneytið.



Himinn og jörð eftir Hildi Hákonardóttur — verk með blandaðri tækni, sem Hildur vann á síðasta ári.

Sýningin verður opin daglega frá kl. tvö til fáu fram til 30. janúar.

ast.

Skákskólinn orðinn að veruleika



Aðstandendur Skákskóla Friðriks Ólafssonar, f.v. Helgi Ólafsson, Friðrik Ólafsson, Guðmundur Sigurjónsson og Jón L. Arnason (ljós. — eik —).

Eins og skýrt hefur verið frá í Þjóðviljanum hefur stofnun skákskóla verið á döfinni í haust en að honum standa fimm sterkustu skákmenn landsins, þeir Friðrik Ólafsson, stórmeistari, Guðmundur Sigurjónsson, stórmeistari, Helgi Ólafsson, alþjóðlegur meistari, Jón L. Arnason, alþjóðlegur meistari, og Margeir Pétursson, alþjóðlegur meistari. Nú er skákskólinn orðinn að veruleika og nefnist hann „Skákskóli Friðriks Ólafssonar“.

Innritun í skólann hefst 7. janúar nk. en boðið verður uppá 6-12 vikna námskeið, 7-10 daga nám-

Fimm sterkustu skákmeistarar landsins standa að skólanum

skeið sem miðast við þarfir taflfélaganna úti á landi og í þriðja lagi fjöltefli og fyrirlestra sem ekki þurfa að taka meira en eina kvöldstund.

Nemendur verður skipt í flokka, byrjendaflokk, framhaldsflokk 1 og framhaldsflokk 2 og skýrir þessi flokkaskipting sig sjálf nema hvað flokkur 2 er ætlaður þeim sem náð hafa styrkleikanum 1700 Elo-stig.

Reynt verður að hafa í hverjum hópi 12 til 15 manns, því að þannig fær hver nemandi mest útúr námskeiðunum. Námsgjöldum verður stillt í hóf og er miðað við námsgjald annarra skóla. Unglingar undir 16 ára aldri munu njóta ríflegs afsláttar. Skólinn mun fyrst í stað starfa seinni part dags og á kvöldin.

— S.dór.

